# Uppskeruhátíð meistaranema

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Veröld - húsi Vigdísar Finnbogadóttir | Mánudaginn 10. júní, kl. 14:30

## Birta María Bobu Elvarsdóttir
## MS í forystu og stjórnun með áherslu á verkefnastjórnun

***Tölvuleikir og Moloch mynstur***

Tekjuöflunar aðferðir í pay-to-play tölvuleikjum og áhrif þeirra á langtímavarðveislu spilara. Leiðbeinandi var Pétur Jóhannes Óskarsson

## Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir,
## MS í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun

***Allir eiga að vera mega hressir og brennandi áhuga***
***- Kröfur um samskiptahæfni í atvinnuauglýsingum og upplifun einhverfra einstaklinga á íslenskum vinnumarkaði***

Rannsóknir hafa sýnt fram á að einhverfir einstaklingar séu enn jaðarsettari en aðrir fötlunarhópar þegar kemur að atvinnuþátttöku. Markmið rannsóknar var að skoða hvaða þættir valda því og hvort kröfur um samskiptahæfni í atvinnuauglýsingum væru einn af þeim þáttum.

## Viðar Guðjohnsen
## ML í lögfræði

***Hugtakið „lyf"***

Meginviðfangsefni rannsóknarinnar er nánari afmörkun og þýðing lyfjahugtaksins í íslenskum rétti. Byggt er m.a. á frumrannsókn sem lýtur að greiningu á gildandi réttarreglum á málefnasviðinu. Í niðurstöðu eru rök leidd að því, að dómur Hæstaréttar vegna innflutnings á rafrettuvökva samræmist ekki nægilega vel þeim viðmiðum sem leggja beri til grundvallar við meðferð refsimála er reyna á lyfjahugtakið. Leiðbeinandi var Pétur Fannar Gíslason.

## Lilja Björk Haraldsdóttir
## MA í Menningarstjórnun

***Áhorfendaþróun innan sviðslistastofnana á Íslandi - Samsetning áhorfenda og leiðir til frekari þróunar***

Viðfangsefni lokaverkefnisins var að greina fjölbreytileikann í samsetningu áhorfenda innan sviðslistastofnana á Íslandi. Leiddi rannsóknin í ljós, að ákveðinn kjarnahóp var að finna meðal áhorfenda stofnananna og að auka mætti fjölbreytileika áhorfenda með því að reyna að ná til breiðari hóps. Leiðbeinandi var Bergsveinn Þórsson.

## Kristín Eva Sveinsdóttir,
## MA í áfallastjórnun

***Allir í bátana! Langtímaáhrif eldgossins í Heimaey 1973 á þau sem upplifðu hamfarirnar sem börn***

Meistaraprófsritgerðin er könnuð upplifun og afleiðingar á þau sem voru börn þegar hamfarirnar áttu sér stað í Heimaey 1973 og þá sérstaklega upplifun þeirra af endurreisninni, reynslunni af þeim úrræðum sem gripið var til, eða úrræðum sem skorti, með nýrri nálgun þar sem hún er sú fyrsta sem rannsakar þennan þátt áfallastjórnunar vegna hamfaranna í Heimaey 1973. Rannsóknin er lýsandi megindleg rannsókn þar sem einstaklingarnir sem voru á aldrinum 6 - 16 ára þegar gosið hófst. Rannsóknin byggist á hugmyndafræði áfallastjórnunar. Leiðbeinandi var Ásthildur Elva Bernharðsdóttir.